



Álagning fasteignagjalda 2025 og reglur um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega 2025

Álagning fasteignagjalda 2025

Álagning fasteignagjalda í Fjarðabyggð er sem hér segir:

Fasteignaskattur A verði 0,400 %¹⁾ af húsmati og lóðarhlutamati
 Fasteignaskattur B verði 1,32 %²⁾ af húsmati og lóðarhlutamati
 Fasteignaskattur C verði 1,65 %³⁾ af húsmati og lóðarhlutamati.
 Lóðarleiga íbúðarhúsnaðis verði 0,70 % af lóðarhlutamati.
 Lóðarleiga atvinnuhúsnaðis verði 3,00 % af lóðarhlutamati.
 Vatnsgjald, fast gjald verði 4.985 kr. á hverja veitu og 408 kr. á hvern fermetra.
 Fráveitugjald verði 0,3232 % af húsmati.
 Sorphreinsunargjald verði 53.279 kr. á heimili.
 Sorpeyðingargjald verði 36.639 kr. á heimili.
 Fjöldi gjalddaga verði tíu – mánaðarlega frá 1. febrúar. Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur gjalddagamánaðar.

¹⁾ Íbúðarhúsnaði og eignir skv. 2.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

²⁾ Sjúkrastofnanir og eignir skv. 3.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

³⁾ Atvinnuhúsnaði og annað húsnaði skv. 4.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

Reglur um afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega árið 2025

1. gr.

Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum með fulla örorku (75%) fyrir 1. janúar 2025 sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4.mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd og miðuð við árstekjur 2024 samanber álagningu skattstjóra 2025 og er sem hér segir:

a) Einstaklingar:	Brúttótekjur allt að kr. 6.593.838	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr. 8.720.199	0 % afsláttur
b) Hjón og samskattað		
sambýlisfólk:	Brúttótekjur allt að kr. 10.015.200	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr. 11.969.507	0 % afsláttur

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 118.755.-. Afsláttur er hlutfallslegur og reiknaður af fasteignaskatti viðkomandi eignar. Tekið er tillit til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

2. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti miðast við að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi og búi í því húsnæði sem afslátturinn er veittur af. Rétt til afsláttar eiga einnig þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem búa á stofnunum og hafa lögheimili þar þrátt fyrir að þeir séu ekki með lögheimili í húsnæðinu. Skilyrði er



að húsnæðið sé eingöngu nýtt í eigin þágu, s.s. til tómstundaiðkunar. Réttur þessi er ekki til staðar ef atvinnustarfsemi fer fram í húsnæðinu eða húsnæðið er leigt út.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði um afslátt er veittur afsláttur skv. 1.gr í samræmi við eignarhlut þeirra.

3. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er fjármálasviði heimilt að víkja frá skilyrðum 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmiði um tekjumörk.

4. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar veitir Þjóðskrá leyfi til að sækja upplýsingar með öruggum hætti í gegnum vefþjónustu ríkisskattstjóra (RSK) um tekjuskattstofn elli- og örorkulífeyrisþega vegna útreiknings afsláttar þeirra á fasteignaskatti og að gera samning við RSK þar að lútandi.

5. gr.

Útreikningur fasteignaskattsafsláttar á álagningarseðli fasteignagjalda sem gefinn er út í byrjun febrúar miðast við tekjur ársins 2023 til bráðabirgða og tekjuviðmiðun ársins 2024. Afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar álagning skatta ársins 2024 liggur endanlega fyrir vegna eftir álagningu 2025 og er þá miðað við tekjuviðmiðunina skv.1.

Fjarðabyggð 6. desember 2024

staðgengill bæjarstjóra
Gunnar Jónsson
bæjarritari

Samþykkt í bæjarráði 25. nóvember 2024
Staðfest af bæjarstjórn 5. desember 2024